BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

# Kringlumýri

## félagsmiðstöð




# Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

# Kringlumýri
## frístundamiðstöð

Formáli

Frístundamiðstöðin Kringlumýri stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6-16 ára í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi. Mikið er lagt upp úr því að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavert frístundastarf. Uppbygging þjónustu í frítímanum er ein af kröfum nútímans. Þar á að vera vettvangur tómstunda, menntunar, menningar og uppeldis undir handleiðslu hæfra starfsmanna.

Hjá Kringlumýri starfa um 320 starfsmenn í 130 stöðugildum. Starfsstaðir Kringlumýrar eru 15 samtals. Frístundaheimilin eru níu Gulahlíð Vesturhlíð 3 fyrir börn úr Klettaskóla, Neðstaland við Fossvogsskóla, Sólbúar við Breiðagerðisskóla, Krakkakot Háaleitisskóla við Hvassaleiti, Álftabær Háaleitisskóla við Álftamýri, Vogasel við Vogaskóla, Laugarsel við Laugarnesskóla, Glaðheimar við Langholtsskóla og nýjast viðbót Kringlumýrar er safnfrístundin Dalheimar sem þjónar 3.-4. bekk Laugarnes- og Langholtsskóla. Félagsmiðstöðvarnar eru sex, Askja Safamýri 5 fyrir börn og unglinga í Klettaskóla, Buskinn í Vogaskóla, Bústaðir í kjallara Bústaðakirkju, Laugó í Laugalækjarskóla, Tónabær við Safamýri og Þróttheimar við Holtaveg.

Starfsmannahópurinn samanstendur af einstaklingum með fjölbreytta menntun, ólíkan bakgrunn og viðamikla reynslu af starfi með börnum og unglingum. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.

Í öllu starfi Kringlumýrar er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Þessi ár eru mikilvægt mótunarskeið og því er áhersla lögð á að efla þætti eins og félagsfærni, sjálfsmynd og virka þátttöku með skipulögðum hætti. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Kringlumýri starfar eftir hugmyndafræði „jákvæðrar nálgunar“ og reynslunáms ásamt lýðræðislegra vinnuaðferða.

Kringlumýri er þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra. Í þekkingarmiðstöðinni starfa þrír starfsmenn, verkefnisstjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra og tveir ráðgjafarþroskaþjálfar. Þekkingarmiðstöðin er í fararbroddi varðandi vinnu og hugmyndafræði í málefnum fatlaðra. Hún miðlar reynslu og þekkingu til allra frístundamiðstöðva og upplýsir um alla þróun sem á sér stað í málaflokknum sem skiptir starfsemina máli. Þekkingarmiðstöðin heldur utan um veittan stuðning á frístundaheimilum borgarinnar og veitir ráðgjöf inn í starf sértækra jafnt sem almennra félagsmiðstöðva eftir því sem við á. Á frístundaheimilum borgarinnar er veittur sértækur stuðningur til handa þeim börnum sem þess þurfa að áður

uppfylltum skilyrðum. Megináhersla er lögð á að hinn sértæki stuðningur efli börnin félagslega og geri þeim kleift að taka þátt í almenna starfinu á eigin forsendum. Sem þekkingarmiðstöð frítímastarf fatlaðra barna og unglinga er það hlutverk Kringlumýrar að vera leiðandi í frítímastarfi fyrir þennan hóp.

Kringlumýri leggur metnað sinn í að veita öfluga og umfangsmikla þjónustu á vettvangi frítímans og býður íbúa hverfisins velkomna til samstarfs.

(af heimsíðu Kringlumýrar)

*Afhending skjalasafns*: Sigríður Rut Hilmarsdóttir afhenti skjöl Kringlumýrar og starfsstöðva Kringlumýrar
*Innihald*: Einstaklingsmál, persónumöppur. Áætlanir og umsóknir um stuðning
*Tímabil*:.2006-2018
*Magn:*23 öskjur

# Skjalaskrá

*Flokkur C- Persónumöppur, einstaklingsmál, greiningar, stuðningsskýrslur, einstaklingsáætlanir, áætlanir og umsóknir um stuðning, slysaskráningarblöð o.fl.*
***Trúnaðarmál***

Skjölum er raðað að mestu í stafrófsröð starfsstaða og í tímaröð innan hverrar starfsstöðvar.

**Askja C-1**

Álfheimar, Álftabær 2006-2018.

**Askja C-2**

Brosbær, Bakkasel (og Perlan) 2006-2018.

**Askja C-3**

Draumaland, Dalheimar 2006-2018.

**Askja C-4**

Eldflaugin, (áður Hlíðaskjól) 2006-2018

**Askja C-5**

Frostheimar; Fjósið 2006-2018

**Askja C-6**

Galdraslóð, (áður (Vík), Glaðheimar 2006-2018.

**Askja C-7**

Hvergiland, Halastjarnan, (áður Frístund), Haunheimar 20006-2018.

**Askja C-8**

Kastali, Kátakot 2006-2018.

**Askja C-9**

Klapparholt, Krakkakot 2006-208

**Askja C-10**

Laugasel, Neðstaland 2006-2018

**Askja C-11**

Regnbogaland, Selið 2006-2018.

**Askja C-12**

Regnboginn, Skýjaborgir, Simbað Sæfari, Skólasel 2006-2018.

**Askja C-13**

Sólbúar, Stjörnuland, Undraland 2006-2018.

**Askja C-14**

Töfrasel, Tígrisbær 2006-2018.

**Askja C-15**

Vindheimar, (áður Frissi fríski), Víðisel 2006-2018.

**Askja C-16**

Vogasel, Úlfabyggð 2006-2018 2006-2018.

**Askja C-17**

Vinasel (áður Denni dæmalausi), Ævintýraland

**Askja C-18**

Vinafell (áður Plútó og Æskufell. Skóli Ísaks Jónssonar, Landakotsskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar og Stóru Vogaskóli 2006-2008.

**Askja C-19**

Sumarfrístund, undanþágubeiðnir 2006-2018

**Askja C-20**

Gulahlíð 2014-2018.

**Askja C-21**

Askja, Klettaskóli og ýmis einstaklingsmál 2006-2018

**Askja C-22**

Hofið, Hellir og Höll 2006-2018.

**Askja C-23**

Félagsmiðstöðvar; bréf og yfirlit stuðnings, október 2018.

Skráð í janúar 2019, GI